



**KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK**



Skýrsla um sjálfsmat skólaárið 2023-2024

október 2024

©Kvennaskólinn í Reykjavík

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
	Matsteymi skólans.....	3
1.1	Matsáætlun skólaársins 2023-2024	4
1.2	Tölulegar upplýsingar (nemendur)	4
	Innritun nýnema haustið 2023.....	4
	Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum	4
	Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni	5
	Meðalaldur nemenda	5
	Fjöldi brautskráðra stúdenta í desember 2023 og maí 2024 eftir námsbraut og alls	5
	Útskriftarhlutfall.....	5
	Viðvera nemenda skólaárið 2023-2024	5
1.3	Tölulegar upplýsingar (starfsfólk).....	6
1.	Niðurstöður	6
2.1	Kennslu- og áfangamat	6
	Niðurstöður kennslu- og áfangamats skólaárið 2023-2024	7
2.2	Foreldra- og nýnemakönnun.....	7
	Nýnemakönnun	7
	Niðurstöður og samanburður á milli ára	8
	Könnun fyrir forráðamenn nýnema sem hófu nám haustið 2023.....	11
	Niðurstöður og samanburður á milli ára.....	11
2.4.	Stofnun ársins	15
	Helstu niðurstöður: Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs	15
2.5.	Markmið, mælikvarðar, gögn til grundvallar, viðmið og staðan 2023-2024.....	16
3	Greining á niðurstöðum.....	17
3.1	Styrkleikar.....	17
3.2	Tækifæri til umbóta	18
4	Verkefni/aðgerðir	18
4.1	Markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2023-2024.....	18
4.2.	Markmið og úrbætur sem stefnt er að á skólaárinu 2024-2025.....	18

1. Inngangur

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjarskóli og skólaárið 2023-2024 stunduðu nemendur nám til stúdentsprófs á þremur námsbrautum, félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og starfsbraut. Námsstími til stúdentsprófs á félags- og náttúruvísindabraut er sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að flestir ljúki námi til stúdentsprófs á þremur árum. Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi af félags- og náttúruvísindabraut hafi hann lokið 200 einingum samkvæmt námsskipulagi viðkomandi brautar með tilskildum árangri. Starfsbrautin er fjögurra ára nám og er námið ætlað nemendum sem þurfa sérhæft einstaklingsmiðað nám er mætir færni þeirra. Námið á starfsbrautinni er á 1. þrepi. Starfsbraut Kvennaskólans tók til starfa haustið 2023 og er vinna við ritun námsbrautarinnar í gangi.

Í skólanum er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, mikið val, ábyrgð nemenda í námi, persónuleg og hlý samskipti, gildi tjáningar og þá samskiptahæfni sem nauðsynleg er í samskiptum ólíkra einstaklinga í ólíkum aðstæðum. Þannig leggur skólinn áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og þeir læra að bera ábyrgð á námi sínu. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám.

Nemendur skólans eru að jafnaði um 650 og starfsfólk um 70 talsins. Við skólann starfar vel menntaður og reynslumikill hópur kennara og annars starfsliðs. Skólabragur skólans einkennist af heimilislegu andrúmslofti, jákvæðni, góðri umgengni og góðum samskiptum nemenda og starfsfólks og gagnkvæmri virðingu þeirra á milli.

Samkvæmt gildandi lögum um framhaldsskóla ber að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Enn fremur ber framhaldsskólum að vinna að umbótum og auknum gæðum ásamt því að veita hlutaðeigandi upplýsingar um skólastarfið. Árlega setur skólinn sér markmið og aðgerðaráætlun í samræmi við stefnu sína.

Áætlun og markmið fyrir skólaárið 2023-2024 má sjá hér:

- [Stefnumiðuð áætlun sbr. 31. gr laga um opinber fjármál \(2022-2024\)](#)
- [Stefnumiðuð áætlun sbr. 31 gr laga um opinber fjármál \(2023-2025\)](#)
- [Stefnumiðuð áætlun sbr. 31 gr laga um opinber fjármál \(2024-2026\)](#)
- [Matsáætlun skólans fyrir árin 2022-2025](#)
- [Matsáætlun skólans fyrir árin 2024-2026](#)
- [Niðurstöður úr sjálfsmati skólaársins 2022-2023](#)

Matsteymi skólans

Skólaárið 2023-2024 var Björk Þorgeirsdóttir, áfangastjóri, verkefnisstjóri sjálfsmats. Matsteymi um sjálfsmat skólans stýrir starfinu en það skipa verkefnisstjóri, stjórnendur, fulltrúar kennara, foreldra og nemenda. Verkefnisstjóri stýrir fundum teymisins, ritar fundargerðir og árlega skýrslu um sjálfsmatið.

Matsteymi skólans, skólaárið 2023-2024:

Kolfinna Jóhannesdóttir, skólameistari

Ásdís Arnalds, aðstoðarskólameistari

Björk Þorgeirsdóttir, áfangastjóri og verkefnisstjóri sjálfsmats

Lilja Ósk Úlfarsdóttir og Kári Ibsen Árnason, fulltrúar kennara

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir fulltrúi foreldra

Embla María Möller Atladóttir fulltrúi nemenda

Sjálfsmatsskýrslan sem hér birtist gerir grein fyrir niðurstöðum úttekta og athugana sem gerðar hafa verið í Kvennaskólanum skólaárið 2023-2024

1.1 Matsáætlun skólaársins 2023-2024

Hautönn 2023	Vorönn 2024
Kennslu- og áfangamat: - Raungreinar og stærðfræði - Lagt fyrir í nóvember 2023 Viðhorfस्कannanir - Móttaka, upplýsingagjöf, ánægja með skólann, líðan og samsömun - Lagt fyrir nýnema og forráðamenn þeirra í september 2023	Kennslu- og áfangamat: - Félagsgreinar, saga og heilsulæsi - Lagt fyrir í apríl 2024 Rýnihópar – nemendur - Frestað til skólaársins 2024-2025

1.2 Tölulegar upplýsingar (nemendur)

Nemendatölur miðast við fjölda nemenda við lokun vinnumats hverrar annar, þ.e. þremur vikum eftir að kennsla hefst.

Innritun nýnema haustið 2023

Haustið 2023 sóttu 240 nemendur í 10. bekk um skólavist sem fyrsta val og 302 sem annað val.

	Karlar	Konur	Kynsegin	Samtals
1. bekkur	72	165	0	237
2. bekkur	3	5	0	8
3. bekkur	1	0	0	1

Á vorönn voru innritaðir sjö nemendur: Einn á starfsbraut, tveir á félagsvísindabraut og fjórir á náttúruvísindabraut.

Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum

Námsbraut	Haut 2023				Vor 2024			
	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur
Félagsvísindabraut	102	98	74	5	100	101	73	1
Náttúruvísindabraut	126	122	117	3	113	114	114	1
Starfsbraut	10	0	0	0	9	0	0	
Samtals	657				640			

Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni

Námsbraut	Haust 2023			Vor 2024		
	Karl	Kona	Kynsegin	Karl	Kona	Kynsegin
Félagsvísindabraut	61	219	0	57	220	0
Náttúruvísindabraut	118	249	0	114	240	0
Starfsbraut	5	5	0	6	3	0

Meðalaldur nemenda

Námsbraut	Haust 2023	Vor 2024
Félagsvísindabraut	16,6 ára	17 ára
Náttúruvísindabraut	16,7 ára	17 ára
Starfsbraut	15,7 ára	16,1 ára

Fjöldi brautskráðra stúdenta í desember 2023 og maí 2024 eftir námsbraut og alls

Námsbraut	Haust 2023	Vor 2024
Félagsvísindabraut	2	70
Náttúruvísindabraut	2	113
Alls	4	183

Útskriftarhlutfall

- Á þriðja ári vorið 2024 voru 187 nemendur, brautskráðir vorið 2024 voru 183 (97,9%).
- Haustið 2021 innrituðust 202 nemendur í 1. bekk og vorið 2024 útskrifuðust 183 nemendur, 6 stefna að útskrift í desember 2024 og 1 vorið 2025. Útskriftarhlutfall innritunarhóps frá 2021 stefnir því í að verða 94%.

Viðvera nemenda skólaárið 2023-2024

	Haust 2023	Vor 2024
Nemendur með 100% raunskólasókn	5,4%	3%
Nemendur með 96-100% raunskólasókn	37,1%	27,3%
Nemendur með 96-100% skólasókn þegar tekið er tillit til veikinda og leyfa	83,8%	77%
Nemendur með <u>undir</u> 80% í raunskólasókn	8%	11,1%

Óútskýrðar fjarvistir á skólaárinu 2023-2024

	Haust 2023	Vor 2024
Nemendur með 10 eða færri óútskýrðar fjarvistir:	85,1%	79,2%
Nemendur með 11 – 20 óútskýrðar fjarvistir:	8,4%	12,1%
Nemendur með 21 – 30 óútskýrðar fjarvistir:	2,8%	4,9%
Nemendur með 31 – 40 óútskýrðar fjarvistir:	0,9%	2,4%

Nemendur með 41 – 50 óútskýrðar fjarvistir:	1,1%	0,7%
Nemendur með 51 eða fleiri óútskýrðar fjarvistir:	1,7%	0,8%

Eitt af markmiðum skólans er að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Einn mælikvarðinn er skólasókn og þá sérstaklega óútskýrð fjarvera úr kennslustundum. Við settum okkur það markmið að 69% nemenda væru með 96% -100% skólasókn þegar tekið hefur verið tillit til veikinda og leyfa. Á haustönn 2023 voru 83,8% og 77% nemenda á vorönn með 96-100% skólasókn þegar tekið er tillit til veikinda og leyfa.

Í skólareglum kemur fram að fari raunskólasókn niður fyrir 80% um leið og hún er undir 90% með vottorðum er litið svo á að nemandinn hafi sagt sig úr skóla. Á skólaárinu voru um 90% nemenda með yfir 80% raunskólasókn. Samkvæmt [reglum skólans um skólasókn](#) fá nemendur sem eru í 25 einingum eða meira á önn eina einingu fyrir skólasókn ef [raunmæting](#) er 96% eða hærri. Haustönn 2023 fengu 36,6% nemenda einingu fyrir skólasókn og á vorönn 2024 fengu 26,5% nemenda einingu fyrir skólasókn.

1.3 Tölulegar upplýsingar (starfsfólk)

Fjöldi starfsfólks og stöðugildi 1. október 2023 og 1. mars 2024.

Skipurit skólans má sjá [hér](#).

	Haust 2023		Vor 2024	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
<i>Kennarar</i>	53	48,15	53	47,74
<i>Þjónustusvið</i>	12	8,95	11	9,30
<i>Nemendabjónusta</i>	3	1,51	3	1,8
<i>Veikindaleyfi</i>	5	4,15	3	2,50
<i>Leyfi</i>	2	1,43	3	2,43

1. Niðurstöður

2.1 Kennslu- og áfangamat

Á hverri önn fer fram kennslu- og áfangamat í skólanum. Matið er liður í eftirliti með gæðum náms og kennslu áfanga og er hluti af innra mati skólans. Meginmarkmið kennslu- og áfangamatsins er að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Miðað er við að 1/3 kennslugreina sé metinn á hverri önn og hver kennari/áfangi ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti. Kennslu- og áfangamatið fer fram í Innu.

Sjá verklagsreglur vegna kennslu-/áfangamats [hér](#).

Á haustönn voru áfangar í erlendum tungumálum og stærðfræði metnir. Kennslu- og áfangamatið var lagt fyrir nemendur í Innu vikuna 2.-9. nóvember, svarhlutfall var 77,6%.

Á vorönn voru áfangar í félagsgreinum, sögu og heilsulæsi metnir. Kennslu- og áfangamatið var lagt fyrir nemendur í Innu vikuna 21.–28. mars, svarhlutfall var 68,9%.

Skólinn hefur sett sér það markmið að auka gæði náms og kennslu og að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Þessi markmið eru meðal annars mæld í kennslu- og áfangamatinu.

Markmiðin eru svohljóðandi:

- Að svarhlutfall í kennslu- og áfangamati verði 79% eða hærra árið 2024.
- 88% nemenda nota upplýsingar frá kennara til að vinna eftir (námsáætlun, ítarefni, förmæli með verkefnum og prófspurningum) árið 2023
- 78% nemenda telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum árið 2024

Niðurstöður kennslu- og áfangamats skólaárið 2023-2024

Hautönn 2023: Raungreinar og stærðfræði

Vorönn 2024: Félagsgreinar, saga, heilsulæsi og náms- og starfsval.

Niðurstöður kennslu- og áfangamats skólaárið 2023-2024	Haut 2023	Vor 2024
Telja kennsluaðferðir fjölbreyttar	59%	69%
Segja að námsgögn áfanga séu góð	77%	69%
Segja kennara setja reglulega upplýsingar og leiðbeiningar inn í Innu	78%	81%
Segjast nota upplýsingar og leiðbeiningar frá kennurum í Innu	88%	84%
Segja að kennara vera jákvæða í garð nemenda	80%	84%
Segja kennara ná að vekja áhuga á námsefninu	60%	61%
Segja kennara sýna áhuga á að nemendur taki framförum	77%	76%
Segjast geta leitað til kennara til að fá aðstoð við námið	82%	80%
Segja að kennarar skili úrlausnum með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	76%	68%
Telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum	79%	77%
Finnst fyrirkomulag námsmats sanngjarnt	82%	83%
Segja vinnuálag í áföngunum miðað við einingafjölda hæfilegt	78%	80%

Til viðbótar gafst nemendum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör nemenda við opnum spurningum voru send kennurum viðkomandi áfanga um leið og aðrar niðurstöður.

Samhliða kennslu- og áfangamati sem lagt er fyrir nemendur í Innu fá kennarar tækifæri til að tjá sig um sína hópa. Þannig geta kennarar svarað því hvort það sé eitthvað sem þeir telji mikilvægt að komi fram varðandi kennslu í ákveðnum bekk og/eða áfanga. Þannig söfnum við upplýsingum um þætti sem geta haft áhrif á kennslu- og áfangamatið, s.s. þegar verið er að taka inn nýtt námsefni, breyta námsmati, hvenær dags kennslustundirnar í áfanganum eru, í hvaða stofum áfanginn er kenndur, bekkjarandi o.s.frv. Þessar upplýsingar eru skoðaðar samhliða niðurstöðum úr kennslu- og áfangamatinu og eru þar með hluti af gögnum sem stjórnendur rýna í fyrir starfsmannasamtöl.

2.2 Foreldra- og nýnemakönnun

Nýnemakönnun



Markmið skólans er að auka gæði náms og kennslu. Einn þáttur í þessu er að taka vel á móti nýnemum. Síðustu ár þá hafa nýnema og forráðamenn þeirra svarað könnunum þar sem m.a. er spurt um móttöku nýnema, kynningu á skólanum, nýnemaferðir, líðan í skólanum og ánægju með skólann.

Markmiðin eru svohljóðandi:


- 90% nemenda líði vel í skólanum árið 2024
- 84% nemenda telja sig hluta af tilteknum hópi árið 2024

Á haustönn 2023 svöruðu nýnemar á 1. ári könnun þar sem spurt var um móttöku nýnema, nýnemaferðina, kynningu á skólanum, samsömun og líðan. Könnunin var lögð fyrir í Innu dagana 29. september til 13. október. Alls svöruðu 221 nýnemi könnuninni sem er 93,6% svarhlutfall.


Niðurstöður og samanburður á milli ára




Spurningin: Kvennaskólinn var með opið hús fyrir 10. bekkinga í mars 2024. Hvernig fannst þér kynningin á skólanum á opna húsinu?




Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: "Þegar á heildina er litið þá er ég ánægð/ur/t með að hafa valið Kvennaskólann"




Spurningin: Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: "Í skólanum líður mér vel"



Næsta spurning: Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: "Mér finnst ég vera hluti af tilteknum hópi í skólanum". Þessi spurning tengist samsömun nemenda við skólann með vísan til líðan þeirra í skólanum og félagslegra tengsla við hann. Nemendur skólans tóku þátt í alþjóðlegu rannsókninni [Borgarbörn](#) (e. *International Study of City Youth*) árið 2018 og þá voru 54% mjög sammála, 35% frekar sammála, 8% svöruðu hvorki né og 3% voru ósammála.





Til viðbótar gafst nemendum tækifæri til að koma ábendingum á framfæri til stjórnenda skólans í opinni spurningu:

- *Annað sem þú vilt koma á framfæri til stjórnenda skólans.*

Svarendur nefndu eftirfarandi þætti: Kennsla og kennsluhættir (9), ánægja með skólann (8), móttaka nýnema og nýnemaferðin (3), nemendafélagið (2) og nemendaaðstaða í skólanum (2).


Könnun fyrir forráðamenn nýnema sem hófu nám haustið 2023

Könnunin var send í tölvupósti til forráðamanna nýnema á 1. ári 29. september 2023, alls bárust 112 svör.


Niðurstöður og samanburður á milli ára




Skipulag og framkvæmd nýnemaferðarinnar




Nota Innu til að fylgjast með skólasókn




Nota Innu til að fylgjast með námsárangri (einkunnum og/eða verkefnaskilum)



Upplýsingastreymi frá skólanum er gott




Hversu vel eða illa finnst þér starfsfólk skólans hafa leyst úr erindi eða erindum þínum?




Svör þeirra sem hafa þurft að leita til skólans


Hversu vel eða illa finnst þér starfsfólk skólans hafa leyst úr erindi eða erindum þínum?




Kynningarfundur fyrir forráðamenn var góður



Svör þeirra sem mættu á kynningarfundinn "Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema var góður"



Þegar á heildina er litið þá er barnið mitt ánægt í skólanum



Til viðbótar gafst forráðamönnum tækifæri til að koma ábendingum á framfæri í þremur opnum spurningum:

- Er eitthvað sem þér finnst við gera vel varðandi móttöku nýnema, upplýsingagjöf frá skólanum og/eða kynningu á skólanum?
- Er eitthvað sem þér finnst að við mætum gera betur varðandi móttöku nýnema, upplýsingagjöf frá skólanum og/eða kynningu á skólanum?
- Annað sem þú vilt koma á framfæri til stjórnenda skólans?

Svör við opnum spurningum voru: Ánægja með móttöku nýnema og skipulagða dagskrá fyrir nýnema (9), ánægja með kynningarfund fyrir forráðamenn (6), ábendingar varðandi tölvupósta/upplýsingar frá skólanum (3) og ábendingar varðandi kynningarfund fyrir forráðamenn (2).


2.4. Stofnun ársins

Könnunin [Stofnun ársins](#) var lögð fyrir starfsfólk í október-desember 2023. Könnunin er gerð árlega af Sameyki stéttarfélagi í almannapjónustu í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og sér Gallup um framkvæmd hennar. Í könnuninni er spurt um stjórnun skólans, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunarinnar, ánægju, stolt og jafnrétti.

Heildareinkunn skólans árin 2019, 2020, 2021, 2022 og 2023:

	2019	2020	2021	2022	2023
Heildarmat	4,11	4,20	4,115	4,32	4,41

Helstu niðurstöður: Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs



Eitt af markmiðum skólans er aukin starfsánægja þar sem mælikvarðarnir eru m.a. niðurstöður úr Stofnun ársins.

Viðmið okkar fyrir árið 2023 eru eftirfarandi:

- Heildareinkunn = 4,2
- Vinnuskilyrði = 3,8
- Starfsandi = 4,5


Fimm þættir sem komu **best** út hjá skólanum í könnuninni haustið 2023 voru:

Kvennaskólinn í Reykjavík



Fimm atriði sem fengu lakasta útkomu hjá skólanum má sjá hér fyrir neðan. Athuga skal að tölur í sviga sýna mun á meðaltali stofnunarinnar og meðaltali stofnana í sama stofnanaflokki.

Kvennaskólinn í Reykjavík



2.5. Markmið, mælikvarðar, gögn til grundvallar, viðmið og staðan 2023-2024

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið	Staðan 2023-2024
Auka gæði náms- og kennslu	Líðan nemenda í skólanum	Nýnemakönnun	90% nýnema líður vel í skólanum. 85% nýnema telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum.	87% nýnema líður vel í skólanum. 73% nýnema telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum.

Pátttaka í kennslu- og áfangamati	Kennslu- og áfangamat	81% svarhlutfall (2023). 79% svarhlutfall (2024).	78% svarhlutfall á haustönn 2023 og 69% svarhlutfall á vorönn 2024.
-----------------------------------	-----------------------	--	---

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið	Staðan 2023-2024
Efla námskraft og auka ábyrgð nemenda á eigin námi	Skólasókn	Mætingaprósenta	69% nemenda m/96-100% mætingu þegar tekið er tillit til veikinda og leyfa.	Haut 2023: 83,8% nemenda m/ 96-100% mætingu. Vor 2024: 77% nemenda m/96-100% mætingu.
	Vinnufriður í kennslustundum	Kennslu- og áfangamat	78% mjög eða frekar sammála.	Haut 2023: 79% mjög eða frekar sammála. Vor 2024: 77% mjög eða frekar sammála.
	Upplýsingar og leiðbeiningar frá kennurum	Kennslu- og áfangamat	88% nemenda segjast nota upplýsingar og leiðbeiningar frá kennurum.	Haut 2023: 88% Vor 2024: 84%

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið	Staðan 2023
Aukin starfsánægja	Starfsánægjukönnun	Stofnun ársins	Viðmið 2023 Heildareink. = 4,2 Vinnuskilyrði = 3,8 Starfsandi =4,5	Heildareink. = 4,41 Vinnuskilyrði = 4,01 Starfsandi = 4,62

3 Greining á niðurstöðum

3.1 Styrkleikar

- Útskriftarhlutfall innritaðra nemenda er hátt og langflestir nemendur á félags- og náttúruvísindabraut ljúka 200 eininga stúdentsprófi á þremur árum.

- Skólasókn nemenda er almennt góð.
- Nemendur upplifa almennt stuðning frá kennurum sínum.
- Nemendum finnst vinnuálag í áföngum hæfilegt og fyrirkomulag námsmats sanngjarnt.
- Nýnemar í 1. bekk og forráðamenn þeirra eru almennt ánægðir með móttöku nýnema og að hafa valið Kvennaskólann.
- Mikill meirihluti nýnema upplifir að þeir hafi gott aðgengi að umsjónarkennaranum sínum.
- Starfsfólk skólans er ánægt með starfsanda, stefnu og áherslu skólans um jafnrétti kynjanna og stuðning og hvatningu stjórnenda.

3.2 Tækifæri til umbóta

- Vinna betur úr niðurstöðum úr kennslu- og áfangamati í samvinnu við faggreinar.
- Auka stuðning og eftirfylgni með það að markmiði að skólasókn lækki ekki á milli anna.
- Vinna að betri þátttöku (svarhlutfalli) nemenda í kennslu- og áfangamati.
- Vinna áfram með atriði sem fengu lakasta útkomu hjá skólanum í starfsánægjukönnuninni: Stofnun ársins.

4 Verkefni/aðgerðir

4.1 Markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2023-2024

Markmið	Úrbætur
<i>Starfsbraut</i>	Vinna við þróun námsbrautarinnar er í gangi, sjá hér: https://www.kvenno.is/is/nam-kennsla/namsbrautir-1/starfsbraut
<i>Gæðahandbók</i>	Innleiðing gæðahandbókar skólans í Share Point, hófst haustið 2022 og er komin vel á veg.
<i>Námskrárvinna</i>	Kennslu- og áfangamat. Mat á gæðum áfanga (kennaramat) lagt fyrir kennara á vorönn 2024. Vinna heldur áfram.
<i>Aðbúnaður og vinnuskilyrði</i>	Aukið samráð við starfsfólk varðandi aðbúnað og bætt vinnuskilyrði í gangi. Unnið verður að gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði.
<i>Græn skref</i>	Skólinn lauk skrefi 2 á skólaárinu. Vinna heldur áfram.
<i>Farsældarþjónusta</i>	Innleiðingu lokið, sjá hér: https://www.kvenno.is/is/foreldrar/stodthjonusta/farsaeldarthjonusta

4.2. Markmið og úrbætur sem stefnt er að á skólaárinu 2024-2025

Markmið	Úrbætur
<i>Starfsbraut</i>	Starfsbraut skólans tók til starfa haustið 2023, vinna við ritun námsbrautarinnar heldur áfram: https://www.kvenno.is/is/nam-kennsla/namsbrautir-1/starfsbraut

<i>Áfangamat</i>	Kennarar skiluðu inn mati á gæðum áfanga á vorönn 2024 (einn áfangi í hverju fagi) vinna við áfangamatið heldur áfram.
<i>Íslenskubraut</i>	Íslenskubraut fyrir útlendinga tók til starfa haustið 2024. Vinna við ritun námsbrautarinnar er hafin, sjá hér: https://www.kvenno.is/is/nam-kennsla/namsbrautir-1/islenskubraut-nytt .
<i>Skólanámskrá</i>	Framsetning skólanámskrár og áfangalýsinga á heimasíðu skólans endurskoðuð og uppfærð.
<i>Raddir nemenda</i>	Fastsetja form fyrir rýnihópa nemenda. Verður unnið í samvinnu við nemendafélag skólans.
<i>Ábyrgð nemenda</i>	Endurskoða fræðsluefni um heiðarleg vinnubrögð í námi og siðareglur skólans, sérstaklega hvað varðar gervigreind.
<i>Græn skref í ríkisrekstri</i>	Vinna heldur áfram.
<i>Áætlun um öryggi og heilbrigði</i>	Vinna að skriflegri áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum.

Reykjavík, 17. október 2024

Björk Þorgeirsdóttir
verkefnastjóri sjálfsmats